

220

15. des.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 48 3. maí 1929.

1. gr.

Í 2. gr. reglugerðarinnar falli burtu orðin: „bæjarfógeta, sem er formaður hennar og fjórum mönnum öðrum“. Á eftir orðunum „og til sama tíma“ komi: kýs nefndin sér formann.

2. gr.

Í 17. gr. í stað orðsins „bæjarfógeta“ komi: hafnarnefnd.

3. gr.

Í 18. gr. í stað orðanna „stærri en 12 smálestir“ komi: stærri en 12 brúttó smálestir.

4. gr.

Í 21. gr. á eftir orðunum „Hvert skip, sem leggst við hafnarbryggju bæjarins“ bætist inn orðin: eða að skipi, sem við hana liggur.

Þessi setning falli niður: „Skip, sem liggur við hlið annars skips, er liggur við bryggju í höfninni, skal greiða hálf bryggjugjald, samkvæmt framansögðu.“ Einnig falli niður orðin: „Frá fyrsta janúar 1930 skulu“.

5. gr.

Í 25. gr. falli burtu liðirnir e. og f., og breytist stafamerking síðari liðanna eftir því.

6. gr.

26. gr. reglugerðarinnar falli burtu, og breytist tölusetning síðari greinanna eftir því.

7. gr.

28. gr., sem verður 27. gr., orðist þannig:

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald skal greiða eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 25 aura.

8. gr.

Í 27., 32. og 36. gr. falli burtu orðið „bæjarfógeti“, en í staðinn komi orðið: hafnarnefnd.

9. gr.

Í 1. flokki í 29. gr. falli burtu orðin „lýsi, oliur, fiskimjöl og járnvörur“.

Við greinina bætist:

5. flokkur: Stórgripir 2,00 kr. hver.

6. flokkur: Aðrir gripir 0,30 kr. hver.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. janúar 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.